

Bæjarráð óskaði eftir umsögn listráðs Hafnarborgar um erindi Eyjólfss Þórs Sæmundssonar varðandi minnismerki um Stjána bláa (Kristján Sveinsson) og Magnús Stefánsson skáld (Örn Arnarson). Tillagan gengur út á að verkið *Stjáni blái* eftir Erling Jónsson verði sett upp sjávarmegin við Fjarðargötu.

Listráð hefur tekið erindið til umfjöllunar og mælir ekki með því að listaverkið *Stjáni blái* verði sett upp á jafn þýðingarmiklum stað í bænum. Það er einkum þrennt sem leiddi til þessarar niðurstöðu; vek eftir sama höfund, til minningar um drukknæðra sjómanna, stendur nú þegar í bænum, samskonar verk hefur verið reist annarsstaðar og verkið er ekki í samræmi við nútíma hugmyndir um list í almenningsrými.

Listráð fagnar þeim áhuga sem fram hefur komið á því að setja upp listaverk í bæjarlandi Hafnarfjarðar en kallar jafnframt eftir verklagsreglum sem tryggja myndu gæði og viðeigandi staðarval auk þess að skýra það ferli sem þarf að eiga sér stað þegar sett eru upp opinber listaverk.

Til nánari skýringar:

- Þegar hefur verið reist listaverk eftir sama höfund, *Altari sjómannsins*, sem heiðrar minningu drukknæðra sjómanna og stendur það á veglegum stað við Víðistaðakirkju. Það er verðugur minnisvarði um allan þann fjölda hafnfirskra sjómanna sem látið hafa lífið við að draga björg í bú á skipum sem gerð voru út frá Hafnarfirði.
- Þeir sem kynnt hafa hugmyndina um að setja verkið upp vilja að það verði gert til að heiðra minningu Kristjáns Sveinssonar (1872-1921) sjómanns frá Keflavík sem sigldi til Hafnarfjarðar til að eiga viðskipi við kaupmenn í bænum. Kristján fórst á leið sinni til baka til Keflavíkur. Af rökstuðningi eða heimildum verður vart ráðið að vægi hans í sögu Hafnarfjarðar kalli á að ráðist verði í minnisvarða af því tagi sem hér um ræðir sérstaklega þegar litið er til þess að þegar hefur verið reistur veglegur minnisvarði um drukknæða sjómenn.
- Bent er á að ljóðskáldið Örn Anarson (Magnús Stefánsson) hafi notað sögu Kristjáns Sveinssonar sem innblástur þegar hann skrifaði ljóð sitt *Stjáni blái* og því skuli minnst skáldsins um leið og Stjána. Nú þegar stendur minnisvarði um Örn Arnarson þar sem heimili hans stóð á horni Reykjavíkurveggar og Austurgötu. Full ástæða er til að halda minningu Arnar Arnarsonar á lofti en dregið er í efa að minnisvarði af þessari gerð dragi athygli nýrra kynslóða að skáldinu.
- Listamaðurinn, Erlingur Jónsson, starfaði lengst af í Keflavík og eru nokkur listaverk eftir hann í Reykjanesbæ þeirra á meðal annað eintak sama verks sem sett var upp árið 1989.
- Skúlptúrinn *Stjáni blái* er stílfærður bátur og ágætlega í samræmi við strauma og stefnur sem ríkjandi voru í höggmyndalist upp úr miðri síðustu öld. Mikil þróun hefur átt sér stað á þeim tíma sem liðinn er og í raun hefur orðið kúvending á hugmyndum manna um opinber listaverk, gildi þeirra og markmiðin með því að setja listaverk upp almenningsrými. Ef litið er til frumleika og gildis listaverksins *Stjáni blái* fyrir samtímamann er mat listráðs að verkið eigi ekki mikið erindi.

Til frekari upplýsingar:

1. **Erlingur Jónsson** bjó lengi og starfaði í Keflavík. Hann var útnefndur bæjarlistamaður þar árið 1991 bæði fyrir listsköpun og fyrir myndlistarkennslu í grunnskóla bæjarins. Verkum hans hefur verið haldið á lofti í Reykjanesbæ og eru að minnsta kostir tíu verk eftir hann í landi bæjarins þeirra á meðal *Stjáni blái* sem sett var upp 1989. Árið 2005 setti Listasafn Reykjanesbæjar upp sýningu á verkum Erlings og var eftirfarandi texti birtur í tengslum við sýninguna:

Hér er eins konar yfirlitssýning á verkum Erlings Jónssonar sem hefur nú unnið í nokkra áratugi sem listamaður. Erlingur vann lengi með myndhöggvaranum Sigurjóni Ólafssyni og stofnaði m.a. Baðstofuna myndlistarskóla í Keflavík. Hann var einnig lengi kennari í Keflavík en fluttist svo til Noregs. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur segir í sýningarskrá m.a.: "Þetta tvennt, innlifunarhæfileikinn og bókmenntirnar, er sennilega það sem sett hefur ríkulegast mark á listsköpun Erlings sjálfs. Hið fyrrnefnda skýrir að hluta næmið sem kemur fram í myndum af samtímamönnum, meðvitundina um að sérhver andlitsdráttur skipti máli þegar móta skal eftir lifandi andliti. Bókmenntirnar eru svo kveikjan að mörgum og fjölbreytilegum skúlptúrum listamannsins, sem velunnarar hans í Keflavík hafa sett upp í bæjarlandinu á undanförunum árum. "

2. Af heimasíðu Bókasafns Reykjanesbæjar:
http://bokasafn.reykjanesbaer.is/default.aspx?cat_id=246
3. Grein eftir Sævar Tjörvason: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/361647/>
4. Blogg eftir Níels Adolf Ársælsson:
<https://www.dv.is/blogg/niels-arsaelsson/2012/5/10/hver-var-stjani-blai/>
5. Grein eftir Rögnu Sigurðardóttur rituð árið 2003. Á þeim 11 árum sem liðin eru frá ritun greinarinnar hafa fjölmörg nýstárleg listaverk verið reist í almenningsrými víða um land:
http://www.mbl.is/greinasafn/grein/737594/?item_num=13&searchid=42e132d37e91ee534245c0edabaed6a81ce66428
6. Viðtal við Ólöfu Nordal myndlistarkonu: <http://www.ruv.is/sarpurinn/segdu-mer/20052014>